

**Kveðskapur úr smiðju  
Valgerðar Kristjánsdóttur**

Nokkrar lausavísur úr Stóru ferðinni 1997.

Ekið var um Fjallabaksleið nyrðri og er þar óbrúað  
vatnsfall við svo til hvert fötnál.

**Á leið frá Hraunfossvirkjun í Landmannalaugar.**

Vist við treystum vinir því  
að vera nú á réttri leið.  
Við erum frjáls að fara í fri  
og framundan er leiðin greið.



Hér getur að líta gnægð af vatni  
gullin fjöll og marga dali,  
eins og fegurð aldrei sjatni  
um Íslands ljúfu fjallasali.

**Rætt var á leiðinni um sauði og hafra í lestinni.**

Leiðina skreyta í langri lest  
leiðangursstjóri og nokkrir hafrar.  
Sauðimir elta sem og sést  
síðast Gulli á eftir vafrar.

**Síðan tóku við á leiðinni óteljandi vatnsföll. F 221  
varð fyrir því að inn rann, þó ekki í rúmið sem betur  
fór.**

Yfir vatnsfall vegur lá  
þar vanda sig að aka má  
inni flaut og yfir rann  
allt um kring æ, sveiaflann.

**Næst festi F221 sig í einni ánni.**

Gestur ráð við vanda vann  
vaskur maður holrráð kann.  
Veitti drátt á vildarhátt  
við það megin una sátt.



**Í næsta vatnsfalli lá við festu en varð ekki af.**

Enn á ný er enn ein á  
endalaus ég vatnsföll sá  
Drátturinn þar var dreginn á frest  
nú dugði bara að hugsa um Gest.

**Í næsta vatnsfalli snerust hlutverk við og F221 dró þá  
upp sem festu sig, þá orti ég í orðastað Jökuls.**

Enn var vandi yfir á  
samt yfir hana flaug ég þá  
það besta af öllu er bar við var  
ég bauð og veitti dráttinn þar..

**F165 átti í erfiðleikum í öllum bröttustu brekkunum  
og var dreginn upp þær allar. Mun það hafa verið  
lítið spennandi.**

Hún Baldvina mín blessunin  
bærilega sátt við sinn.  
hlut í hverri brekku, þó brátt  
býst ég við hún segi fátt.

